



Reykjavík, 27.2.2015

Niðurstaða athugunar á stórum áhættuskuldbindingum MP banka hf.

Í september 2014 hóf Fjármálaeftirlitið athugun á stórum áhættuskuldbindingum MP banka hf. Markmið athugunarinnar var að kanna hvort bankinn uppfyllti þær kröfur sem gerðar eru til mildunar áhættuskuldbindinga og voru skoðaðir frádráttarliðir tiltekinnna áhættuskuldbindinga í skýrslu MP banka hf. um stórar áhættuskuldbindingar. Þá skoðaði Fjármálaeftirlitið hvort innri reglur og verkferlar MP banka hf. væru í samræmi við þær kröfur sem lög og reglur gera er varða stórar áhættuskuldbindingar.

Niðurstöður eftirlitsins lágu fyrir í nóvember 2014 og byggðu þær á gögnum og upplýsingum miðað við hinn 30. júní 2014.

Athugasemdir Fjármálaeftirlitsins sneru að verkferlum áhættustýringar MP banka hf. og verklagsreglum. Annars vegar gerði Fjármálaeftirlitið athugasemd við að ekki væru til staðar fullnægjandi og skjalfestir innri verkferlar til að greina og meta stórar áhættuskuldbindingar. Hins vegar gerði Fjármálaeftirlitið athugasemd við að verklagsreglur um stórar áhættuskuldbindingar, sem fjalla um hlutverk og ábyrgð áhættustýringar vegna stórra áhættuskuldbindinga bankans, hefðu ekki verið samþykktar af fjármálanefnd eins og innri reglur bankans kveða á um. Bankinn hefur þegar brugðist við báðum athugasemdum.